

## Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðisgreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum.

**130. löggjafarþing 2003-2004.  
Þskj. 1892 – 1012. mál.**

Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis hefur tekið til skoðunar ofangreint frumvarp með hlutverk yfirkjörstjórna í huga við þjóðaratkvæðisgreiðsluna.

1. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins gilda um þjóðaratkvæðisgreiðsluna ákvæði laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, eftir því sem við á og ekki er öðruvísi mælt fyrir í frumvarpinu. Samkvæmt þeim lögum er hlutverk yfirkjörstjórna skýrt.
2. Í 1. gr., 2.mgr., frumvarpsins er ákveðið að kjörfundur skuli standi frá klukkan 9.00 árdegis til klukkan 22.00 að kvöldi. Í Norðvesturkjördæmi (62 kjördeildir alls) eru nokkuð margar litlar kjördeildir (18 með færri en 100 á kjörskrá í síðustu forsetakosningum). Hafa margar þeirra nýtt sér möguleikann, innan ramma greina nr. 70 og 89 í lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, að hefja kjörfund seinna en kl. 9.00 árdegis og/eða ljúka kjörfundi fyrr en kl. 22.00 að kvöldi.
3. Í 8. gr., 3. mgr., frumvarpsins segir „Yfirkjörstjórn og Hæstiréttur nota sérstakar gerðabækur um þessi efni.” Annað hvort er þarna átt við Landskjörstjórn og þá er það ekki hlutverk yfirkjörstjórna að segja til um þetta efni, eða að okkur finnst að betra sé að þarna standi „Yfirkjörstjórnir ...”. Ef um yfirkjörstjórnir er að ræða þá er spurning hvort þörf sé á því að halda sérstaka gerðabók fyrir þjóðaratkvæðisgreiðsluna sem í framkvæmd byggir á lögum um kosningar til Alþingis eins og lög um framboð og kjör forseta Íslands. Við Alþingiskosningar og forsetakosningar nota yfirkjörstjórnir sömu gerðabókina.

Virðingarfyllst,  
fh. yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis



Sigurjón Rúnar Rafnsson, oddviti.